

Nd.

469. Nefndarálit

[151. mál]

um frv. til laga um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frumvarpið, og leggur meiri hluti hennar til, að það verði samþykkt með breytingu þeirri, sem frá er greint á þingskjali 451. Við undirritaðir leggjum til, að á frumvarpinu verði gerðar frekari breytingar, og skal nú gerð grein fyrir þeim.

I. kafli frv. fjallar um Framkvæmdasjóð Íslands, er taki við eignum og skuldbindingum Framkvæmdabanka Íslands eins og þær verða hinn 1. janúar 1967. Í frumvarpinu er þó ekki gert ráð fyrir því, að sömu reglur gildi að öllu leyti um Framkvæmdasjóð og áður giltu um Framkvæmdabankann. Mikilvægasta breytingin er sú, að í frumvarpinu er aðeins gert ráð fyrir lánnum til fjárfestingarlánasjóða, er veita einstök lán til framkvæmda, og hins vegar til meiri háttar opinberra framkvæmda, en einstaklingar eiga ekki að hafa beinan aðgang að sjóðnum á þann hátt, sem nú gildir um Framkvæmdabankann. Úr þessu hefur nokkuð verið bætt með breytingartillögu meiri hluta fjárhagsnefndar á þingskjali 451, enda þótt við teljum, að eðlilegra hefði verið, að Framkvæmdasjóður gæti í vissum tilfellum lánað beint til einstaklinga, að uppfylltum vissum skilyrðum, eins og nú er hjá Framkvæmdabanka Íslands.

Þá eru í frumvarpinu felld niður ákvæði, sem nú eru í lögum Framkvæmdabankans, um stjórnarfundum og rétt einstakra stjórnarmanna til að krefjast þeirra. Munum við bera fram tillögu um að breyta þeim ákvæðum í það horf, er tíðkast hefur.

Enn fremur munum við gera það að tillögu okkar, að við fyrirhugaðan Framkvæmdasjóð verði stofnuð framleiðnilánadeild, er hafi þann tilgang að veita atvinnuvegunum lán umfram þau, sem fáanleg eru hjá stofnlánasjóðum, í því sérstaka augnamiði að bæta framleiðnina með aukinni véltækni, fullkomnara framleiðsluskipulagi og hagræðingu. Nokkrir þingmenn Framsóknarflokksins í efri deild fluttu fyrr á þessu þingi frumvarp um stofnun slíkrar framleiðnilánadeildar við Framkvæmdabankann. Þar sem nú er sýnt, að sá banki verður lagður niður frá og með næstkomandi áramótum, þykir okkur eðlilegt að taka þessa tillögu upp í sambandi við þetta frumvarp, enda kemur Framkvæmdasjóður að mestu í stað Framkvæmdabanka.

II. kafli frumvarpsins fjallar um Efnahagsstofnun, en þótt sú stofnun hafi starfað síðan á árinu 1962, hefur fyrirkomulag hennar enn eigi verið ákveðið með lögum.

Við teljum, að í sambandi við lagasetningu um þessa stofnun sé rétt að ákveða stjórn hennar með nokkuð öðrum hætti en verið hefur til þessa. Hér er um svo mikilsverða stofnun að ræða, að við teljum sjálfsagt, að allir þingflokkar eigi aðild að stjórn hennar. Gerum við því að tillögu okkar, að inn í frumvarpið verði tekið

ákvæði um, að stjórn stofnunarinnar verði skipuð 5 mönnum. Skulu 4 tilnefndir af þingflokkunum, einn frá hverjum, en sá fimmti skipaður af ríkisstjórninni.

Samkvæmt framansögðu leggjum við til, að á frumvarpinu verði gerðar eftirtaldar

#### BREYTINGAR:

1. Við 6. gr. Við greinina bætist 3. málsgrein, svo hljóðandi:

Sjóðsstjórn heldur að jafnaði fund einu sinni í mánuði, en skylt er formanni að boða til aukafundar, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn æskja þess.
2. Á eftir 12. gr. komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:
  - a. (13. gr.) Stofna skal við Framkvæmdasjóð Íslands sérstaka lánadeild, sem nefnist framleiðnilánadeild.

Tilgangur framleiðnilánadeildar er að veita atvinnuvegunum lán umfram þau, sem fáanleg eru hjá stofnlánasjóðum, í því sérstaka augnamiði að bæta framleiðnina með aukinni véltækni, fullkomnara framleiðsluskipulagi og hagræðingu.
  - b. (14. gr.) Starfsfé deildarinnar er:
    1. Framlag ríkissjóðs, sem skal vera 10 milljónir króna á ári næstu 10 ár, nema hærra framlag kunni að verða ákveðið í fjárlögum.
    2. Seðlabanki Íslands skal tryggja sölu skuldabréfa, sem Framkvæmdasjóður Íslands gefur út vegna deildarinnar, að upphæð 40 milljónir króna á ári næstu 10 ár. Bréfin séu til a. m. k. 15 ára, en vextir skulu ákveðnir af ráðherra. Bréfin séu tryggð með ábyrgð ríkissjóðs.
    3. Lán umfram það, sem um ræðir í 2. tölulið, getur deildin tekið innanlands eða utan, eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa, allt að 300 milljónum króna. Ríkissjóður ábyrgist slíkt lán.
  - c. (15. gr.) Umsóknir um lán úr framleiðnilánadeild skulu sendar Framkvæmdasjóði.

Þeim skal fylgja:

    1. Ýtarleg lýsing á því, hvernig verja eigi lánsfénu.
    2. Upplýsingar um tryggingar þær, sem umsækjandi getur sett.
    3. Rekstrar- og efnahagsreikningur umsækjanda, ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.
    4. Aðrar upplýsingar, sem umsækjandi telur máli skipta eða sjóðurinn óskar eftir.

Þegar umsókn hefur borizt, skal leita umsagnar Iðnaðarmálastofnunar Íslands og/eða Fiskifélags Íslands eða Búnaðarfélags Íslands, eftir því sem við á, um það, hvort tilgangur umsækjanda með lánsúmsókninni sé í samræmi við tilgang þessara lagaákvæða.

Að slíkri umsögn fenginni ákveður stjórn Framkvæmdasjóðs, hvort lánið skuli veitt, enda hafi sjóðurinn áður kannað hag umsækjanda og veðhæfni framboðinna trygginga.
3. Við 15. gr. (er verði 18. gr.). Í stað 2. og 3. málslíðar greinarinnar komi:

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum. Séu fjórir þeirra tilnefndir af þingflokkunum, einn af hverjum, en hinn fimmta skipar ríkisstjórnin, og sé hann formaður stjórnar.

Alþingi, 13. apríl 1966.

Einar Ágústsson, Skúli Guðmundsson.  
frsm.